

Ávarp Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, á útifundi á Austurvelli þann 1. maí 2017

Blekkingar

Nú virðist enn ein góðærisaldan ríða yfir landið. Möntrur eins og að við höfum aldrei haft það eins gott, aldrei verið settir meiri peningar í grunnþjónustuna, kaupmáttur launa sé fordæmalaus eru viðhafðar af ráðamönnum við hvert tækifæri.

Kaupmátturinn

Ef við byrjum á kaupmættinum þá er skiljanlegt að viðsemjendur launafólks haldi á lofti slíkum blekkingum. En þegar talsmenn launafólks eru farnir að halda úti slíkum málflutningi þá hljótum við að staldra við. Kaupmáttur launa er mældur þannig að neysluvísitala er dregin frá launavísitölu og þannig fenginn út kaupmáttur. Með öðrum orðum, skuldlaus einstaklingur með millljón á mánuði er með sömu kaupmáttaraukningu og einstætt foreldri með tvö börn á leigumarkaði eða hjón með millitekjur, 3 börn í séreign með verðtryggt lán og hafa vegna tekjutenginga misst barna og vaxtabætur. Það er ekki stærðfræðilega flókið að reikna sig niður á afar mismunandi stöðu fólks þegar kemur að meintum kaupmætti og komast að þeirri niðurstöðu að á bakvið þessar tölur liggja allt aðrar og nóturlegri staðreyndir um hverjir raunverulega taka þetta til sín.

Heilbrigðiskerfið

Sama má segja um heilbrigðiskerfið. Forsætisráðherra sagðist alls ekki skilja í viðtali á Bylgjunni af hverju það væri ekki í lagi að reka einkarekna heilbrigðisþjónustu og af hverju í ósköpunum almenningur væri svona mótfallinn þessari þróun. Aldrei hafi jafnmiklum fjármunum verið varið í kerfið. Arðgreiðslur einkareknu heilsugæslustöðvanna undanfarin ár, sem hlaupa á hundruðum milljóna, fara svo sannarlega ekki í að bæta þjónustu við sjúklinga. Við erum að færast á ógnvænlegum hraða nær því kerfi sem rekið er í Bandaríkjunum, sem er eitt dýrasta og ósanngjarnasta heilbrigðiskerfi í heimi. Tryggingafélög eru orðin milliliður fólksins og kerfisins þar sem krafa um meiri hagnað á öllum stigum skilar sér í vasa auðvaldsins á kostnað þeirra sem veikir eru. Viljum við fara á þann stað? Getum við gert kröfu sem verkalýðshreyfing að við hverfum af þessari braut?

Fjármálakerfið

Endurreisn fjármálakerfisins á nánast sömu brauðfótum og hrundu er líklega einn stærsti blekkingarvefurinn sem haldið er að okkur þessa dagana. Sömu gerendur og leikendur eru að komast í sömu lykilstöðurnar. Arðgreiðslur, ofurlaun og bónusar hækka jafnt og þétt í takt við bullandi hagnað á hverjum ársfjórðungi. Rétt eins og ekkert hafi í skorist. Hugmyndir um aðskilnað viðskipta og fjárfestingabankastarfsemi eða banka sem reknir eru á samfélagslegum grunni eru skotnar niður eins og eitthvað brjálæði sem hlegið er að. Þrátt fyrir þá staðreynd að slík kerfi séu þau einu sem gengið hafa stóráfallalaust í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Þetta eru bankar sem eru til fyrir viðskiptavinum sína en ekki öfugt þar sem sveigjanleiki og uppbygging er sett framur niðurrifi og græðgi.

Húsnæðismálin

Húsnæðismarkaðurinn er vígvöllur þar sem almenningur er að berjast vopnlaus gegn leigurisum og okurlánastarfsemi fjármálakerfisins. Braskarar og stóreignafélög græða á tá og

fingeri á meðan sveitarfélög og stjórnvöld klóra sér í hausnum. Sveitarfélögin undirbúa mikla úthlutun lóða sem hætt er við að endi í viðlíka braski og við horfðum uppá fyrir hrún. Það er ekki til neins að bygja þúsundir íbúða sem enginn hefur efni á að kaupa nema setja sig í ævarandi skulda- og vaxtafangelsi. Miklu nær væri að taka höndum saman og skipuleggja heilbrigðan og dreifðan húsnæðismarkað með aðkomu stjórnvalda, sveitarfélaga, lífeyrissjóða og verkálýðshreyfingarinnar. Já og helst læsa þessa aðila inni þar til viðunandi lausnir á vandanum liggja fyrir. Við erum ekki að finna upp hjólið. Það eru til öll hugsanleg form af búsetu og mismunandi útfærslur á leigu og séreignamörkuðum. Það eina sem þarf er að opna augun gagnvart vandanum og vilja til að leysa málin.

Almannatryggingakerfið

Við verðum aldrei sterkari sem samfélag en okkar veikustu bræður og systur. Eftir því sem botninn lækkar eykst misskipting lífsgæða. Við erum miklu nær fátækt en við höldum. Við erum alvarlegum veikindum, atvinnumissi eða persónulegum áföllum frá því að detta inn í fátækragildir kerfisins. Er ásættanlegt að þurfa fjársöfnun vina og vandamanna til að takast á við áföll? Samspil lífeyrissjóða við almannatryggingakerfið hefur búið svo um hnútana. Tíðni örorku er að stórhækka á milli ára vegna streitu og kvíða. Streitu og kvíða sem ekki er bara rakinn til vinnuálags heldur vegna hluta sem snúa að því að lifa af frá degi til dags. Lífeyrissjóðakerfið er á góðri leið með að éta börnin sín sem stærsti eigandi húsnæðislána og smásöluverslunar og eru orðnir sannkallaðir leigurisar í gegnum beina og óbeina eign í stærstu leigufélögunum. Sjóðirnir hafa því hag af háum vöxtum, hárrí leigu og hárrí álagningu. Gríðarlegur rekstrarkostnaður og yfirbygging hafa orðið til þess að fjarlægð kerfisins við eigendur þess rímar við að vera í öðru sólkerfi. Bætur og lægstu laun eiga að ríma við framfærsluviðmið sem reiknuð hafa verið út. Lífeyrir og bætur eiga ekki að vera markaðsdrifin og alltof lág frítekjumörk og skerðingar króna á móti krónu eiga að heyra sögunni til.

Hvernig getum við breytt þessu?

Allar breytingar byrja á því að viðurkenna vandann. Síðan þurfum við að sameinast um lausnir og þá gildir að geta hugsað út fyrir rammann og út fyrir þau kerfi sem eru að sliga okkur í stað þess að plástra vandamálin. Formaður VR breytir engu einn en með samstilltu átaki heildarinnar eru okkur allir vegir færir. Stétt með stétt og allir fyrir einn og einn fyrir alla eru kjörorð raunverulegra breytinga. Að öðrum kosti munum við spóla í sömu hjólförunum um ókomin ár.

Halldór Laxness skrifaði.

„Það er álitíð að fáar þjóðir hafi þolað kúgun og yfiringang af meiri kurteisi en íslendingar. Um aldaraðir altframmá þennan dag lifðu þeir í skilningsríkri sáttfýsi við kúgun, án þess að gera nokkru sinni tilraun til uppreistar. Eingri þjóð var byltíngarhugtakið jafn hulið. Ævinlega voru íslendingar reiðubúnir að kyssa þann vöndinn er sárast beit og trúa því að kaldrifjaðasti böðullinn væri sönnust hjálp þeirra og öruggast skjól.“